

Sp.

194. Tillaga til þingsályktunar

[137. mál]

um rannsókn á nýtingu vatns frá hitaveitum í kaupstöðum.

Flm.: Rannveig Þorsteinsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að fram fari athugun á því, að hve miklu leyti megi spara erlendan gjaldeyri og framleiða verðmæti með aukinni nýtingu vatns frá hitaveitum í kaupstöðum.

Greinargerð.

Mál það, sem hér er borið fram, snertir allt landið, en þó sérstaklega þá staði, þar sem heitt vatn er nú notað til upphitunar samhliða því, sem notað er annað eldsneyti, þ. e. olía eða kol, keypt fyrir erlendan gjaldeyri. Af þeim stöðum, sem hér er um að ræða, hefur Reykjavík mesta þýðingu, bæði vegna stærðar sinnar og vegna þess, að hitaveitan nær ekki til nema hluta af bænum, og er því eðlilegt til skýringar þessu máli að miða við hana.

Í Reykjavík hagar þannig til, að mestan hluta ársins, eða 9—10 mánuði, er heita vatnið hvergi nærri fullnotað, en þegar sérstakir kuldar eru, gerir það ekki betur en að nægja fyrir þann hluta bæjarins, sem hitaveitan nær til. Nú hafa verið uppi umræður um það og áætlanir, að ýmis hverfi í Reykjavík, sem nota olíu eða kol til upphitunar, fái heita vatnið á þeim tíma ársins, sem það er ekki fullnotað, og að þessi hverfi hefðu svo jafnframt olíu- eða kolakyndingartæki til þess að hita upp með á þeim tíma, þegar nauðsynlegt er að takmarka notkun heita vatnsins við þann hluta bæjarins, þar sem það nú er. En enn þá hefur ekki orðið neitt úr framkvæmdum á þessu sviði. Mánuð eftir mánuð og ár eftir ár rennur heita vatnið ónotað til sjávar, þótt af því mætti hafa mikil not og m. a. spara með því erlendan gjaldeyri.

Að hér sé um gjaldeyrismál að ræða, sýnir eftirfarandi: Það er talið, að olía til þess að hita upp hús með 4 meðalstörum íbúðum kosti um kr. 14000.00 á ári. Þar af er erlendur gjaldeyris um það bil kr. 10500.00, en það þýðir það, að upphitun á 100 slíkum húsum kostar í erlendum gjaldeyri kr. 1050000.00 á ári og upphitun 1000 slíkra húsa mundi kosta um 10500000.00 kr. á ári — tíu milljónir og fimm hundruð þúsund krónur —. Þess ber og að gæta í þessu sambandi, að olían er keypt fyrir torfenginn, frjálstan gjaldeyri, sterlingspund og dollara, og að erlend tankskip flytja hana til landsins. Er af þessu augljóst, að þetta er þýðingarmikið mál þjóðhagslega séð og að sparnaður á þessum gjaldeyri þýðir raunverulega tilsvarendi unninn gjaldeyri. En þjóðin, sem er í erfiðleikum um öflun gjaldeyris, hefur ekki ráð á því að henda frá sér gjaldeyri, svo sem gert er með því að láta heita vatnið fara til ónýtis og kaupa eldsneytið inn, sízt ef með tiltölulega auðveldum hætti er hægt að láta hinn innlenda hitagjafa koma að notum.

En möguleikar til gernýtingar hitaveituvatnsins eru ekki eingöngu bundnir við venjulega upphitun húsa. Margt fleira kemur þar til greina, sem verður ekki rætt hér, en þarf rækilegrar athugunar við, og er í tillögunni gert ráð fyrir slíkri athugun.